

HÚSÖNDIN

38.tbl. 1.árg.
31.okt. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 1.-7.NÓVEMBER

- 2.11 *Þuríður Helgadóttir*
3.11 *Hallur Á Halvmörk Joensen, Annalísa Rún Eiríksdóttir,*
4.11 *Ragnheiður Diljá Káradóttir, Sandra Haraldsdóttir*
6.11 *Áslaugur Haddsson,*
7.11 *Aðalheiður Björg Halldórsdóttir*



Árshátíð Reykjahlíðarskóla 2018

Hin árlega árshátíð Reykjahlíðarskóla verður fimmtudaginn 8. nóvember og hefst kl. 19:30 í skólanum.

Nemendur flytja fjölbreytta skemmtidagskrá og að þessu sinni mun 8. - 9. bekkur sýna leikritið Rauðhetta eftir leikgerð leikhópsins Lottu.

Í hléi verður boðið upp á kaffiveitingar.

Aðgangseyrir er kr. 2.000.- fyrir 16 ára og eldri, fyrir skemmtun og kaffi.

Hvetjum alla til að koma og eiga frábæra kvöldstund og styrkja börnin.

Allur ágóði rennur í nemendasjóð.

Nemendur og starfsfólk

JÓLAHLAÐBORD SEL-HÓTEL MÝVATN 2018

Laugardaginn 17. nóvember 2018

hefst með fordrykk kl. 18:30. Guðni Braga spilar undir borðhaldi.

Laugardaginn 24. nóvember 2018

hefst með fordrykk kl. 18:30. Knútur Emil Jónasson og félagar spila undir borðhaldi.

UPPSELT!

Laugardaginn 1. desember 2018

hefst með fordrykk kl. 18:30. Guðni Braga spilar undir borðhaldi.

Matseðill

Sjávarréttasúpa með steinabrauði

*Silungapaté - Sveitapaté - Andalífrapaté - Marineraðir sjávarréttir
Saltfisks carpaccio - Reykt nautatunga - Grafið ærfillé - Kóníaks- og fennelgrafinn lax
Reyktur silungur - Karrisíld - Bananasíld - Hvítlauksíld - Hrátt hangikjöt
Hverabakað rúgbrauð - Laufabrauð.*

*Grísaleri - Hangikjöt, reykt að mývetnskum sið - Grísapurusteik
Hreindýrabollur - Jólægæ - Hamborgarhryggur - Kalkúnabringur
Innbakaður þorskur - Bakað rötargrænmeti - Blómkálsgratin*

*Uppstúfur - Sykurbrúnaðar kartöflur - Smælki - Sætkartöflumús - Piknik kartöflur
Grænar baunir - Gular baunir - Rauðlauksulta - Rabarbarasulta - Graflaxssósa
Simnepsósa - Bláberjarjóni - Citrussósa - Cumberlandsósa - Sveppasósa
Rauðvínssósa - Eplasalat - Waldorfsalat - Ferskt salat*

*Riz à l'amande með karamellusósu - Jólaávaxtafrómas
Heimalagaður appelsínúis - Pavlova - Kanillerta - Ferskir ávextir - Smákökur*

Verð aðeins 8.900.-

Tilboð til hópa ef pantað er fyrir 10 manns eða fleiri.



FJÖLSKYLDUJÓLAHLAÐBORD:

Laugardaginn 8. desember kl 18:30.

Jólasveinabað í Jarðböðunum kl. 16:00. Sunnudaginn 9. desember kl. 16:00.

Verð: 3-6 ára frítt // 7-12 ára kr. 2.900.- // 13-16 ára kr. 4.500.-
fullorðnir kr. 6.900.-

Möndlugjöf, dansað í kringum jólatréð
með jólasveinunum úr Dimmuborgum

Persónuleg og góð þjónusta í 45 ár!

Borðapantanir í síma 464 4164 eða í tölvupósti: myvatn@myvatn.is





Heilsueflandi dagur í íþróttamiðstöðinni laugardaginn 3. nóvember

Kæru Mývetningar. Heilsueflandi dagur verður haldinn í íþróttamiðstöðinni 3. nóvember þar sem verður ókeypis í líkamsræktina ásamt leiðsögn, tilboð á árskortum og fróðlegir fyrirlestrar.

Kl. 10-11 Ókeypis tabata-tími hjá Ragnhild. Öllum velkomið að prófa.

Kl. 11-12:30 Opin blakæfing, allir velkomnir.

Kl. 11-12.30 og **13.30-15** Ókeypis aðgangur í líkamsræktina. Auður Filippusdóttir einkapjálfari leiðbeinir í líkamsræktarsal fyrir þá sem vilja prófa, fyrir þá sem vilja byrja á ný eftir hlé eða fyrir lengra komna. Tilboð á árskortum í líkamsræktina (gildir bara þennan eina dag) 29.900 kr.

Kl. 12:30 Fyrirlestrar og fræðsla

- Jóhanna Jóhannesdóttir lýðheilsufræðingur kynnir áhugaverðar niðurstöður mastersritgerðar sinnar um heilsu og líðan Mývetninga.
- Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur kynnir spennandi verkefni til eflingar hamingju og heilbrigði íbúa Skútustaðahrepps.
- Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri segir frá Heilsueflandi samfélagi.

Kl. 14-15 Boccia-kennsla og æfing fyrir eldri Mývetninga Egill Olgeirsson frá bocciadeild Völsungs kemur og leiðbeinir eldri Mývetningum í boccia. Eldri Mývetningar eru hvattir til þess að mæta.

Kl. 15-15.45 Krakkatími

Ávextir í boði og heitt á könnunni. Vonandi sjáum við ykkur sem flest.

Skútustaðahreppur er heilsueflandi samfélag.



Umsóknir um úthlutun menningarstyrkja Seinni úthlutun 2018

Í samræmi við nýsamþykktar reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er seinni úthlutun ársins 2018. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni.

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublöð).

Umsóknir skal senda á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2018.

Velferðar- og menningarmálanefnd




VISSIR ÞÚ

AÐ RAFBÍLL KÆMIST
HRINGVEGINN

92.000

SINNUM Á RAFMAGNINU
SEM NÝ GLERÁRVIRKJUN
FRAMLEIÐIR ÁRLEGA?



www.eimur.is



facebook.com/eimurNA



instagram.com/eimur_iceland

EIMUR

Guðsþjónustur og æfingar haust 2018

Kórar! Athugið smá breytingar hjá mér hvað varðar æfingastað.
Held að þær séu til bóta. Örnólfur

4.nóv. sunnudagur Ilona í fríi

6. nóv. þriðjudagur Ilona í fríi

11.nóv. sunnudagur Guðsþj. Húsavík kl.14:00 og Hvammi kl.13:10

13.nóv. þriðjudagur Æfing í Skútustaðakirkju kl.20:00

18.nóv. sunnudagur Guðsþjónusta í Skútustaðakirkju kl.14:00

20.nóv. þriðjudagur Æfing í Reykjahlíðarkirkju

25.nóv. sunnudagur Guðsþj. Húsavík kl.11 eða 14 og Hvammur 13:10

27.nóv. þriðjudagur Æfing í Einarssstaðakirkju

4.des. þriðjudagur Aðventukvöld í Einarssstaðakirkju

11.des. þriðjudagur Aðventukvöld í Reykjahlíðarkirkju klukkan 20:00

18.des. þriðjudagur Æfing í Skútustaðakirkju klukkan 20:00

25.des. jóladagur Helgistund í Skógarbrekku/Húsavík klukkan 12:30 og Hvammi klukkan 13:10 og Hátíðarguðsþjónusta í Húsavíkurkirkju klukkan 14:00

25.des. jóladagur Guðsþjónusta í Einarssstaðakirkju klukkan 14:00 og í Reykjahlíðarkirkju klukkan 16:00

31.des. Gamlaársdagur Aftansöngur í Húsavíkurkirkju klukkan 18:00

1.janúar Nýársguðsþjónusta í Skútustaðakirkju klukkan 14:00 og kaffi og með því í Prestshúsi á eftir





NÚVITUND Í NÓVEMBER

Á námskeiðinu verður fjallað um núvitund og núvitundaræfingar ásamt því að kynna leiðir jákvæðrar sálfræði til að auka vellíðan.

Sýnt hefur verið fram á að núvitundaræfingar draga úr streitu, áhrifum langvarandi verkja, efla ónæmiskerfið og draga úr einkennum kvíða og þunglyndis.

Hvenær: Þriðjudagana 6.nóv. 13. nóv.

20.nóv og 27.nóv.

kl. 17:00 - 17:40

Kennari: Dagbjört Bjarnadóttir


Staður: ÍMS- (heldri borgarar lána aðstöðu sína)

Verð: 4.000kr. fyrir allt námskeiðið

Skráning á ditta@hac.is eða í síma 464-5130

Athugið að verkalýðsfélög endurgreiða yfirleitt hluta námskeiðsgjalds, athugaðu málið hjá þínu félagi.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Skútustaðahrepp sem er heilsuefandi sveitarfélag



Þekkingarnet
Þingeyinga

KÆRU LESENDUR OG VIÐSKIPTAVINIR

Vegna breytinga á póstþjónustu í sveitinni mun Húsöndin framvegis verða borin út á fimmtudögum og föstudögum.

Þeir sem vilja vera á póstlista Húsandarinnar geta skrifað mér á husondin@gmail.com eða í síma 849-2804

Hafið það gott. Kær kveðja, Arnþrúður

